

Sb. 407. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]
um flutning afla af miðum og hafna á milli.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Lúðvík Jósefsson, Tómas Árnason,
Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hversu skipuleggja megi flutninga á sjávarafli af fiskimiðum og hafna á milli með það fyrir augum að nýta sem best afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu.

Greinargerð.

Íslendingar hafa að sjálfsögðu lagt mikla fjármuni í veiðiskip sín og vinnslustöðvar sjávarafli. Það varðar þjóðarhag, að afkastageta þessara atvinnufyrirtækja nýtist.

Rekstrarerfiðleikar sildarverksmiðja, frystihúsa og annarra vinnslustöðva fiskifangs stafa eigi að litlu leyti af því, að árlegur starfstími þeirra er of stuttur. Og vissulega skerðir það veiðitíma og þar með afköst fiskiskipa stórlega að þurfa að sigla til hafnar með hvern farm, stóran eða lítinn eftir atvikum, þegar veitt er á fjarlægum miðum.

Í mörgum sjávarplássum hefur oft gætt tímabundins atvinnuleysis, stundum ár eftir ár, þar sem vinnslustöðvarnar hefur þá skort hráefni í lengri eða skemmri tíma. Jafnhliða getur þá verið landburður í öðrum verstöðvum og dýrmætt hráefni legið þar undir skemmdum. Slík atvik eru alkunn, bæði á vetrarvertíð og á sildveiðum.

Hér við land hafa þegar verið gerðar nokkrar tilraunir til úrbóta með útgerð flutningaskipa. En þær hafa að mestu eða öllu leyti verið tengdar sildveiðunum og þá fyrst og fremst flutningi bræðslusildar. En vandamálið er miklu viðtækara, eins og þegar hefur verið bent á.

Sums staðar erlendis hefur slík flutningastarfsemi verið færð yfir á viðara svið. Norðmenn hafa t. d. á þessu ári beitt 7—8 þús. lesta flota flutningaskipa af mismunandi stærðum við flutning loðnu suður á bóginn frá hinum norðlægu miðum. Þeir halda einnig uppi skipulögðum flutningum á öðrum fiskitegundum, svo sem þorski og makríl.

Flutningakerfi Norðmanna lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Fylgt er þeirri meginreglu að landa afla sem næst veiðisvæði, flutningar lengra til koma því aðeins til greina, að vinnslustöðvar nærliggjandi staða anni eigi því, sem að berst.

Flutningsmenn tillögunnar telja tímabært, að stjórnarvöld taki þessi mál til rækilegrar skoðunar. Reynsla sú, sem hér er þegar fengin af sildarflutningum, getur komið að gagni við þá athugun. Eðlilegt virðist einnig að gefa gætur að reynslu Norðmanna, sem um margt búa við líkar aðstæður og við.

Ekkert skal fullyrt fyrir fram um niðurstöður slíkrar athugunar. En það er vissulega til mikils að vinna, ef takast mætti með viðráðanlegum kostnaði að skipuleggja flutning afla af miðum og staða í milli með þeim árangri, að betur nýttist allt í senn, veiðifloti, vinnslustöðvar og vinnuafl, að því viðbættu, að meðferð aflans yrði einnig betri. — Því er þessi tillaga fram borin.